
FLÚÐALÍNA 1

ÞVERUN FOSSÁR Í JARÐSTRENG

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 12. maí 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um fyrirhugaða Flúðalínu, endurnýjun 66 kV jarðstrengs við Búrfell, Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Eftir atvikum: Ráðgjafi Landsnets er Mannvit.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þverun Fossár. FU1- Lagning 66 kV jarðstrengs. Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar. Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Landsnet, Mannvit, maí 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Skipulagsnefnd uppsveita með bréfi dags. 25. maí 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 26. maí 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 26. maí 2016.
- Orkustofnun með bréfi dags. 30. maí 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. maí 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að Landsnet hafi að undanfögnu undirbúið endurnýjun á nokkrum 66 kV strengbútum á Suðurlandi til að styrkja flutningskerfi sitt og auka afhendingaröryggi til notenda. Jarðstrengir sem séu hluti af 66 kV línuleið Flúðalínu 1 (FU1) séu takmarkandi þáttur þegar komi að flutningsgetu línunnar. Loftlínuhluti Flúðalínu 1 (FU1) endi við endamastur 3 vestan við Fossá en þaðan sé ráðgert að leggja 66 kV jarðstreng að Fossá sem þveri ána rétt norðan við þann stað þar sem Búrfellslína 3 er strengd á milli endamasturs og 220 kV tengivirkis Landsnets. Strengurinn verði grafinn í botni árinna. Austan Fossár verði strengurinn lagður upp bakka árinna að aðkomuvegi Búrfellsstöðvar þar sem hann verði skeyttur saman við eldri streng. Sá strengur liggja undir aðkomuveg Búrfellsstöðvar og inn í 66 kV tengivirki Landsnets. Þverun árinna verði framkvæmd með því grafa rör í árbotninn og draga jarðstrengina þar í gegn. Er þetta fyrirkomulag gert eftir samráð við Veiðimálastofnun. Samráð var haft við leigutaka og umsjónarmenn árinna sem lögðu til núverandi leið. Fyrirhuguð lega er utan þekktra veiðistaða auk þess sem jafnara dýpi sé á þessari leið sem gerir þverun árinna auðveldari. Gert sé ráð fyrir að gröftur ánni taki um 1-2 daga.

Þá kemur fram að beggja vegna Fossár sé reiknað með að jarðvinnuverktaki muni grafa skurðstæði sem verði um 1200 mm að dýpt og um 1800 mm breitt þar sem skurðurinn verði breiðastur. Sandað verði í botninn undir og yfir strengina. Notast verði við þann jarðveg úr uppgreftri sem Landsnet samþykkir sem fylliefni. Þar sem farið sé um frágengið gróið svæði eða tún skal þekja með grasþökum. Allar aðrar kröfur um framkvæmdina eins og um vöktun og umhverfismál verða tilgreindar í útboðsgögnum.



Umhverfisáhrif

Í greinargerð Landsnets er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á Fossá og gróður og jarðveg beggja vegna árinna.

Fossá. Fram kemur að samkvæmt úttekt Veiðimálastofnunar séu hugsanleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda fyrst og fremst vegna röskunar á árbotninum og efnisburði með árvatninu á meðan á framkvæmdum stendur. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir í sjálfri ánni taki um 1-2 daga. Að mati Veiðimálastofnunar geti segulsvið fyrirhugaðs jarðstrengs haft áhrif á lífríkið í kring en þau áhrif dvíni hratt með aukinni fjarlægð. Til varnar þessu sé því lagt til að strengurinn verði grafinn á að minnsta kosti á eins metra dýpi í árbotninn. Eftir samráð við umsjónarmenn og leigutaka árinna var fundin hentug leið í ánni sem sé fjarri veiðistöðum og á grynna svæði sem henti betur til framkvæmda. Veiðimálastofnun leggur til að framkvæmdaraðili gæti þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem að grugga það ekki upp að óþörfu. Einnig að öll áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ána verði hreinsuð þannig að tryggt sé að skaðleg efni sem geti verið á áhöldum eða vélum berist ekki í vatnið. Jafnframt skuli takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er. Landsnet mun tiltaka framangreind atriði í útboðsgögnum fyrir verktaka.

Gróður og jarðvegur. Fram kemur að fyrirhuguð lagnaleið frá endamastri FU1 og að Fossá sé á svæði sem hafi verið nokkuð raskað í gegnum tíðina enda sé um að ræða svæði nærri núverandi háspennulínu sem tengist frá Búrfellsstöð. Svæðið er lítt gróið en þó með gróðurflákum en verði sandorpnara er nær dregur ánni. Hér sé um að ræða gróft á nokkuð hundruð metra kafla sem auðvelt verði að jafna út og laga að loknum framkvæmdum.

Meningarminjar. Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að nýlega hafi fornleifar verið á skráðar á þessu svæði í tengslum við deiliskipulag Búrfellsstöðvar. Engar fornleifar hafi fundist á fyrirhugaðri lagnaleið.

Náttúruminjar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að hluti framkvæmdarinnar sé innan svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá. En verndargildi svæðisins sé talið „Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir.“ Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Þjóðlendur. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan þjóðlenda. Með greinargerð Landsnets fylgdi umsögn forsætisráðuneytisins sem fellst á fyrirhugaðar framkvæmdir liggja framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir.

Engin umsagnaraðila telur að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða um 500 m af Flúðalínu, endurnýjun 66 kV jarðstrengs við Búrfell, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á framkvæmdatíma þegar unnið verði að þverun Fossár. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að Landsnet fylgi tilmælum Veiðimálastofnunar og geri verktökum grein fyrir mikilvægi þeirra. Gangi



Það eftir telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð Flúðalína, endurnýjun 66 kV jarðstrengs við Búrfell, Skeiða- og Gnúpverjahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Sá töluliður í þessu máli sem helst reynir á í 2. viðauka er nr. 2 iii (a) þar sem hluti framkvæmdarinnar er innan svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá. En þar sem verndargildi svæðisins byggir á fögrum fossum á vinsælu útivistarsvæði og athyglisverðum bergmyndunum í Gjánni er ljóst að verndargildi svæðisins kemur ekki til með að rýrna við framkvæmdirnar. Ræður þar mestu að um er að ræða umfangslitla framkvæmd eða um 500 metra jarðstreng sem er allfjarri fossum og langt frá Gjánni. Þá liggja fyrir greinargóð tilmæli frá Veiðimálastofnun sem miða að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif á Fossá, sem er sá hluti framkvæmdarinnar sem er viðkvæmastur. Landsnet hefur heitið því að gera þau tilmæli að sínum í útboðsgögnum. Þar með á að vera unnt að fyrirbyggja helstu mögulegu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdanna. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2016.

Reykjavík, 8. júní 2016

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson